



Viðauki við samning um ráðgjöf

Viðauki þessi er gerður við samning frá 5. febrúar 2024 um ráðgjafarþjónustu KPMG ehf. vegna sameiningarviðræðna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Með viðauka þessum tekur KPMG að sér að veita stjórn um undirbúning að sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps (hér eftir undirbúningsstjórn) ráðgjöf í tengslum við undirbúning að gildistöku sameiningar sveitafélaganna í maí 2026.

KPMG tekur að sér verkefnastjórn og aðra þjónustu sem getur m.a. falið í sér:

- aðstoð við ritun tillögu að samþykktum fyrir sameinað sveitarfélag
- kortlagningu samþykpta, reglna og gjaldskráa og aðstoð við tillögur að samræmingu
- aðstoð við mat á þörf á breytingum á stjórnskipulagi, kerfislandslagi og umgjörð starfseminnar
- aðstoð við yfirferð og endurskoðun samninga vegna samstarfsverkefna sveitarfélaganna
- aðstoð við samskipti við birgja og þjónustuaðila í tengslum við gildistöku sameiningar
- aðstoð við samráð við starfsmenn, íbúa og aðra hagaðila
- aðstoð við miðlun upplýsinga til starfsmanna, íbúa og annarra hagsmunaaðila
- aðstoð við samskipti við innviðaráðuneyti og aðra opinbera aðila vegna undirbúnings á gildistöku sameiningar

Áætlað er að verkefnið verði unnið á tímabilinu janúar 2026 – maí 2026.

Verkkaupi skal greiða KPMG þóknun byggða á tímagjaldi þeirra sérfræðinga sem að verkefninu koma. Tímagjald tekur mið af stöðu, reynslu og þekkingu viðkomandi ráðgjafa og gildandi viðskiptakjörum sveitarfélagsins. Kostnaður vegna verkefnisins er áætlaður á bilinu 4,6-5,4 m.kr. , en auk þess kemur til vsk. á allar fjárhæðir. Umfang vinnu ráðgjafa er háð töluverðri óvissu en kostnaðaráætlun er byggð á reynslu KPMG af sambærilegum verkefnum. Endanlegt umfang og kostnaður eru m.a. háð ákvörðunum undirbúningsstjórnar um verkefni ráðgjafa og aðkomu starfsmanna sveitarfélaganna.

Um réttindi og skyldur aðila er að öðru leyti vísað til fyrrgreinds samnings frá febrúar 2024.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

F.h. KPMG ehf.

F.h. Borgarbyggðar

Magnús Kristjánsson, partner

Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri

F.h. Skorradalshrepps

Jón Eiríkur Einarsson, oddviti